

Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið. Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 23. marz 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð
landbúnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsliður 1. málgr. 3. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á árunum 1972—1976 skulu greiddar úr ríkissjóði til framleiðnisjóðs kr. 50 milljónir, kr. 10 milljónir hvert ár.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 24. marz 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal Útflutningsmiðstöð iðnaðarins til að stuðla að auknum útflutningi íslenskra iðnaðarvara. Stofnendur eru Félag íslenskra iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Samband íslenskra samvinnufélaga, viðskiptaráðuneytið og iðnaðaráðuneytið fyrir hönd íslenska ríkisins.

2. gr.

Heimili og varnarþing Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins er í Reykjavík.

3. gr.

Hlutverk Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins er að efla útflutning íslenzkra iðnaðarvara og veita honum fyrirgreiðslu, með því, meðal annars:

1. Að kynna íslenzkan iðnvarning á erlendum vettvangi, með þátttöku í vörusýningum og á annan hátt og veita upplýsingar um útflutningsiðnað á Íslandi.
2. Að framkvæma markaðsathuganir erlendis fyrir iðnfyrirtæki á Íslandi og annast upplýsingamiðlun varðandi markaðshorfur og annað, sem útflutningssölu varðar.
3. Að leiðbeina iðnfyrirtækjum um útflutning og söluaðgerðir á erlendum mörkuðum.
4. Að skipuleggja sameiginlega útflutningsstarfsemi iðnfyrirtækja og greiða fyrir samvinnu þeirra í milli.
5. Að vekja athygli iðnfyrirtækja á útflutningsmöguleikum og veita hvatningu um hagnýtingu á þeim.
6. Að annast milligöngu um sölu á iðnaðarvörum til útlanda og stofnun viðskiptasambanda varðandi íslenzkar iðnaðarvörur.

4. gr.

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins skal vera sjálfstæð stofnun, með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skipa sex menn valdir til 4 ára í senn. Skulu tveir þeirra tilnefndir af Félagi ísl. iðnrekenda, en Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, viðskiptaráðherra og iðnaðarráðherra tilnefna einn mann hver. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Tilnefningar skulu berast iðnaðarráðuneytinu, en iðnaðarráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna eftir tilnefningu Félags íslenzkra iðnrekenda, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.

Stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins ræður framkvæmdastjóra og starfsfólk til stofnunarinnar, til ákveðins tíma.

5. gr.

Kostnaður af rekstri Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skal greiðast fyrst um sinn af árlegri fjárveitingu ríkissjóðs og framlagi annarra stofnenda. Auk þess skal útflutningsmiðstöðinni heimilt að krefjast þóknunar af þeim aðilum, sem hún veitir þjónustu. Útflutningsmiðstöðin er undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarsjóða.

6. gr.

Nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skulu sett í stofnskrá, sem ráðherra staðfestir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. marz 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.